

Detoxikon — dregið úr skaðlegum afleiðingum örskammta ólöglegra fíkniefna á starfsfólk á sviði almannaoðryggis



STOFNUN/FYRIRTÆKI
VAKOS XT, a.s.

LAND
Tékkland

ATVINNUGREIN
Hið opinbera, almannaoðryggisþjónusta (t.d. þjónusta lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga, tollýfirvöld, leyniþjónusta)

VERKEFNI
Starfsemi tengd fíkniefnum, meðhöndlun sýna og sönnunargagna, greining sýna



Heimild: VAKOS XT, a.s.

Bakgrunnur

Ólögleg framleiðsla á metamfetamíni er vandamál í Tékkland. Starfsfólk á sviði almannaoðryggis, til dæmis ríkislögregla, slökkvilið og björgunarþjónusta, tollýfirvöld, leyniþjónusta og lögregla sveitarfélaga og sjúkraflutningaþjónusta, eru í hættu á því að verða fyrir váhrifum fyrir slysi af slíkum geðvirk efnum í starfi sínu.

Váhrif við jafnvel mjög lítinn styrk („örskammtar“) með úðabdropum eða í gegnum húð við snertingu á menguðu yfirborði geta haft í för með sér húðertingu, öndunarvandamál og höfuðverk og haft áhrif á vitsmunastarfsemi og virkni ósjálfráða taugakerfisins. Þrátt fyrir þessi slæmu áhrif hentuðu staðlaðar verklagsreglur fyrir starfsfólk, sem kann að komast í snertingu við fíkniefni, ekki í þessum tilgangi eða þær vantaði alveg. Það er skortur á vitund um áhættu og hvernig eigi að greina hættur og einnig er viðeigandi hlífðarbúnaður eða fatnaður oft ekki notaður.

Detoxikon-verkefnið, sem er niðurstaða langtímasamstarfs á milli VAKOS XT, a.s., CBRN-sviðs (efnafræði, líffræði, geislavirkni og kjarnorka), og „Svið sérhæfðra aðferða“, þjónustustarfsemi innanríkisráðuneytisins, starfar við þessa annmarka.

Markmið

Verkefnið miðar að því að lágmarka váhrif á ákveðna starfsmenn á sviði almannaoðryggis fyrir hættulegum geðvirkum efnum, með því að greiða fyrir framkvæmd sameiginlegra og sérstakra fyrirbyggjandi ráðstafana og verndarráðstafana og með því að draga úr þeim áhrifum sem vart verður hjá starfsmönnum sem þegar hafa orðið fyrir váhrifum.

Hvað var gert og hvernig?

Verkefninu er skipt í þrjá hluta:

1. **Afeitrun á vinnustöðum og ökutækjum:** undir þetta fellur stöðug breyting á stöðluðum verklagsreglum og þjálfun starfsfólks í framkvæmd þeirra.
2. **Þjálfun:** auka vitund starfsfólks um að örskammtar geðvirkra efna geti valdið klínískum einkennum og hver áhrifin eru á heilbrigði manna, hvernig mengun geðvirkra efna geti dreifst og hvernig bera meg kennsl á og koma í veg fyrir áhættu, einkum með því að nota viðeigandi persónuhlífar og fatnaðar. Ýmiss konar hljóð- og myndmiðlunarefni, upplýsingablöð og verklegar þjálfunaræfingar eru notuð.

Vegna eðlis þeirrar starfsemi sem starfsfólk sinnir er það í hættu á að verða fyrir váhrifum af völdum örskammta fíkniefna, kann framkvæmd aðgerða að vera erfið á ákveðnum stöðum og því eru persónuhlífar nauðsynlegar. Verklega þjálfunin eykur þekkingu á áhættunni og stuðlar að góðum öryggis- og heilbrigðisvenjum við meðhöndlun sönnunargagna, umhirðu þjónustuökutækja- og fatnaðar og aðgerða sem fara fram fyrir, á meðan og eftir vinnslu með fíkniefni. Sérstök áhersla er lögð á að bæta vernd starfsfólks og þjálfa þannig starfsfólk að því er varðar viðeigandi notkun persónuhlífa með verklegum dæmum, setja saman þjálfunarrannsóknarstofur og faglega ráðgjöf.

3. **Sértæk meðferð:** þessar aðferðir hafa það að markmiði að: afeitra mannslíkamann, stuðla að líkamlegri hreysti og aðstoða einstaklinga við að takast á við streitu. Prófanir eru í gangi hvað varðar sértæka meðferð sem miðar að því að gera einstaklingum kleift að meðhöndla áhrif váhrifa af völdum örskammta geðvirkra efna. Meðferðin felur í sér tauga- og hljóð- og mynddörvun og sérsniðna næringaráætlun. Einstaklingum, sem verða fyrir áhrifum, og aðstandendum þeirra er einnig boðin sálfélagslegur stuðningur.



Heimild: VAKOS XT, a.s.

Detoxikon leggur einnig áherslu á gagnasöfnun og miðlun innan vísindasamfélagsins og hagnýta notkun á nýjustu vísindalegu þekkingu.

Hver var ávinningurinn?

Fleiri en 1.000 starfsmenn, einkum frá sviðum fíkniefnalögreglunnar, réttarfræðilegri þjónustu og rannsóknardeildum töllyfirvalda og færanlegum eftirlitseiningum, bæði í Tékklandi og öðrum löndum, hlutu þjálfun á árunum 2014 til 2018.

Aðferðir við afmengun á vinnustað höfðu í för með sér að dregið var úr langvarandi heilsutjóni.

Starfsmenn sem verða fyrir váhrifum sýndu minni merki um vímu, t.d. ósértækur höfuðverkur, fylgikvilla í meltingarvegi, vöðvakrampa og krampa, skort á einbeitingu og andlegt ójafnvægi, sem og aukinnar getu til að meðhöndla verk og streitu.

Nánar tiltekið voru mælanlegar umbætur, byggðar á virkni á vitsmunastarfsemi og hjarta- og æðakerfinu, á eftirfarandi sviðum:

- jafnvægi í vitsmunastarfsemi

- einbeitingarhæfni
- virkni ósjálfráða taugakerfisins
- spenna í líkama, mælt með heildarvöðvamassa og spennu/krömpum undir húð
- sálfræðilegt þol og færni til að þola áhrif frá streituvöldum.



Heimild: VAKOS XT, a.s.

Árangursþættir

Verkefnið er eindregið stutt af innanríkisráðuneytinu og öðrum opinberum almannaöryggisfyrvöldum og felur í sér samstarf við rannsóknarstofnun Tékklands á sviði öryggismála á vinnustað.

Yfirlýsing

Íhlutunina væri hægt að flytja til annarra aðildarríkja og til annarra atvinnusviða þar sem starfsfólk er í hættu á að verða fyrir áhrifum frá geðvirkum efnum, til dæmis t.d. heilbrigðisstarfsfólk eða starfsfólk sem meðhöndlar og flytur slík efni.

„Íhlutunin er nýstárleg og tekst á við aukna hættu í atvinnugrein sem þarfnast athygli.“

Kostnaður og ávinningur

Þekkt er að ósértæk einkenni sem tengjast langvinnum váhrifum vegna örskammta geðvirkra efna, eins og höfuðverkur, einbeitingaskortur við að leysa af hendi verkefni og breytingar á tilfinningalegu og andlegu ástandi sem tengjast meðhöndlun á vinnuálagi og streitu, minnka verulega lífsgæði einstaklinga og getu til að vinna. Að draga úr tíðni þessara vandamála hjá starfsfólki sem tekur þátt í starfsemi tengdir fíkniefnum mun ekki einungis vera til hagsbóta fyrir þá einstaklinga sem verða fyrir áhrifum heldur er líklegt til að draga úr fjarveru frá vinnu og auka framleiðni sem leiðir til verulegs sparnaðar fyrir vinnuveitendur og heilsugæslu og félagsþjónustu.

Kostnaður þess að þróa og innleiða Detoxikon var greiddur af viðkomandi þjónustu og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Ferli, sem komið er til framkvæmda, og aðferðir sem notaðar eru til að fræða starfsfólk til að greina og útiloka áhættu stuðlar að bættu öryggi á vinnustað og heilsu allra opinberra yfirvalda að því er varðar heilbrigði og öryggi. Það dregur einnig úr áhættu hjá fólki sem býr eða starfar nálægt starfsemi tengdum fíkniefnum.

Lykilþættir góðra starfshátta

- Verkefnið stuðlar að því að bæta vinnuskilyrði starfsmanna sem kunna að verða fyrir váhrifum frá geðvirkum efnum.
- Íhlutunin er nýstárleg og sjálfbær.
- Aðgerðirnar hafa verið innleiddar með góðum árangri.
- Íhlutun gengur lengra en lágmarkskröfur einstakra ríkja og nær yfir opinbera starfsemi sem þarfnast aukinnar athygli.
- Framkvæmd verkefnis er með skýra skuldbindingu hvað stjórnun varðar.
- Niðurstöður verkefnisins skila raunverulegum og sýnilegum endurbótum og bæta virði við fyrirliggjandi öryggis- og heilbrigðisaðferðir fyrir starfsemi tengdum fíkniefnum.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á www.vakosxt.cz